

## REGLUGERÐ

### um úthlutun og greiðslu fjárframlags ársins 2011 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

#### 1. gr.

##### *Jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða.*

Stuðla skal að því að mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða verði jöfnuð eins og nánar greinir í reglugerð þessari. Ríkissjóður veitir árlegu fjárframlagi til lífeyrissjóða til þess að ná því markmiði samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Í samræmi við VI. kafla laga nr. 113/1990, skal fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2011 nema 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds skv. III. kafla laga nr. 113/1990. Framlagið skal byggjast á upplýsingum ríkisreiknings um áætlaðan gjaldstofn tryggingagjalds næstliðins árs.

Fjármálaráðuneytið annast úthlutun og greiðslu framlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða samkvæmt reglugerð þessari.

#### 2. gr.

##### *Skipting framlagsins milli lífeyrissjóða.*

Framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal skipt milli lífeyrissjóða með eftirfarandi hætti:

1. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í heildarörorkulífeyrisgreiðslum allra lífeyrissjóða á næstliðnu ári.
2. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í skuldbindingum lífeyrissjóða til greiðslu örorkulífeyris umfram 10% af heildarlífeyrisskuldbindingum sjóðanna í framtíðinni vegna væntanlegra iðgjalda miðað við tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða við lok næstliðins árs. Nú hefur lífeyrissjóður nýtt heimild samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, til þess að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign og skal þá verðmæti iðgjaldsgreiðslna vegna réttinda sem aflað er í séreign talið til skuldbindinga sjóðsins í framtíðinni þegar fundin er hlutdeild sjóðsins skv. 1. máls.
3. Meðaltalshlutfall skv. 1. og 2. tölul. myndar hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

#### 3. gr.

##### *Úthlutun fjárframlags árið 2011.*

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, skal fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2011 renna til lífeyrissjóða sem hafa starfsleyfi frá fjármálaráðherra, sbr. ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Áætlaður gjaldstofn tryggingagjalds árið 2010 nemur samkvæmt ríkisreikningi 2010 samtals kr. 777.682.817.044 og er áætlað fjárframlag ársins 2010 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða því með vísan til 1. gr. samtals kr. 2.527.469.155 og skiptist það milli lífeyrissjóða sem hér segir:

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Almenni lífeyrissjóðurinn	32.806.550	1,298%
Eftirlaunasjóður FÍA	7.759.330	0,307%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	808.790	0,032%
Eftirlaunasj. starfsm. Hafnarfjarðarkaupstaðar	1.491.207	0,059%
Eftirlaunasj. starfsm. Útvegsbanka Íslands	530.769	0,021%
Festa lífeyrissjóður	243.799.675	9,646%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	72.563.639	2,871%
Gildi lífeyrissjóður	908.675.711	35,952%

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Íslenski lífeyrissjóðurinn	19.613.161	0,776%
Kjölur lífeyrissjóður	3.614.281	0,143%
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	2.047.250	0,081%
Lífeyrissjóður bankamanna - aldurs	19.082.392	0,755%
Lífeyrissjóður bankamanna - hlutfalls	14.558.222	0,576%
Lífeyrissjóður bænda	13.471.411	0,533%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	20.876.895	0,826%
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	429.670	0,017%
Lífeyrissjóður Rangæinga	15.493.386	0,613%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	2.502.194	0,099%
Lífeyrissjóður starfsm. Búnaðarbanka Íslands hf.	1.516.481	0,060%
Lífeyrissjóður starfsm. Húsavíkurkaupstaðar	960.438	0,038%
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	2.552.744	0,101%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	23.379.090	0,925%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A	92.758.118	3,670%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B	95.058.115	3,761%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A	28.358.204	1,122%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V	13.092.290	0,518%
Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar	1.263.735	0,050%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	1.086.812	0,043%
Lífeyrissjóður verkfræðinga	3.639.556	0,144%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	255.501.857	10,109%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	57.575.747	2,278%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	69.480.127	2,749%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	90.483.396	3,580%
Stafir lífeyrissjóður	70.263.643	2,780%
Stapi lífeyrissjóður	288.358.956	11,409%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	52.015.315	2,058%
<b>Samtals</b>	<b>2.527.469.155</b>	<b>100,000%</b>

Við greiðslu fjárframlags ársins 2012, í október 2012, skal endurreikna, og leiðrétta ef þörf er á, fjárframlag ársins 2011 á grundvelli endurskoðaðra upplýsinga um gjaldstofn tryggingagjalds ársins 2010.

#### 4. gr.

##### *Leiðrétting fjárframlags ársins 2010.*

Endurskoðaður gjaldstofn tryggingagjalds vegna ársins 2009 er 764.931.410.433. Mismunur áætlaðs gjaldstofns tryggingagjalds ársins 2009 skv. 3. gr. reglugerðar nr. 968/2010, um úthlutun og greiðslu fjárframlags ársins 2010 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, og endurskoðaðs gjaldstofns tryggingagjalds vegna ársins 2009 er kr. 24.616.762.919 til lækkunar. Fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2010 nam 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds, sbr. lög nr. 177/2006, um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald. Leiðrétting fjárframlags ársins 2010, frá því sem það var ákvarðað með reglugerð nr. 968/2010, nemur því samtals kr. 80.004.479, til lækkunar. Áætlað fjárframlag ársins 2011 eins og það er ákvarðað skv. 3. gr. lækkar um þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í eftirfarandi töflu:

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Almenni lífeyrissjóðurinn	1.132.863	1,416%
Eftirlaunasjóður FÍA	202.411	0,253%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	33.601	0,042%

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands, nú Söfnunarsjóður lífeyrisréttindi	27.201	0,034%
Eftirlaunasjóður starfsmanna Glitnis banka, nú Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	800	0,001%
Eftirlaunasj. starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar	49.602	0,062%
Eftirlaunasj. starfsm. Útvegsbanka Íslands	14.400	0,018%
Festa lífeyrissjóður	7.799.636	9,749%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	2.332.930	2,916%
Gildi lífeyrissjóður	29.134.431	36,416%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	590.433	0,738%
Kjölur lífeyrissjóður	150.408	0,188%
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	69.603	0,087%
Lífeyrissjóður bankamanna - aldurs	510.428	0,638%
Lífeyrissjóður bankamanna - hlutfalls	379.221	0,474%
Lífeyrissjóður bænda	476.826	0,596%
Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands	0	0,000%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	559.231	0,699%
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	12.800	0,016%
Lífeyrissjóður Rangæinga	495.227	0,619%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	65.603	0,082%
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.	59.203	0,074%
Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	24.801	0,031%
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	68.803	0,086%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	656.036	0,820%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A	2.476.938	3,096%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B	3.061.771	3,827%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A	777.643	0,972%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V	390.421	0,488%
Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar	36.802	0,046%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	33.601	0,042%
Lífeyrissjóður verkfræðinga	156.808	0,196%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	7.893.241	9,866%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	1.868.904	2,336%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	2.293.728	2,867%
Lífeyrissjóðurinn Skjöldur, nú Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	3.200	0,004%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	3.041.770	3,802%
Stafir lífeyrissjóður	2.297.728	2,872%
Stapi lífeyrissjóður	9.135.711	11,419%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	1.689.694	2,112%
<b>Samtals</b>	<b>80.004.479</b>	<b>100,000%</b>

Nr. 1220

13. desember 2011

5. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 22. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 13. desember 2011.*

F. h. r.

**Hafís Ólafsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Lilja Sturludóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2011